

Fimmtudaginn 19. maí 1994.

Nr. 173/1991.

Kaupþing hf.

(Eiríkur Tómasson hrl.)

gegn

Þórhalli Þorlákssyni

(Ólafur Garðarsson hrl.)

Verðtrygging. Verðbréfafyrirtæki. Ráðgjöf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. apríl 1991 og krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Stefndi byggir kröfur sínar í máli þessu á því, að starfsmaður áfrýjanda hafi ekki gætt þess við sölu veðskuldabréfanna, að verðtrygging héldist á þeim. Áfrýjandi hafi auglýst starfsfólk sitt sem sérfræðinga á sviði verðbréfamiðlunar. Stefndi hafi þannig mátt treysta því, að hann nyti þeirrar sérfræði. Hann hafi skaðast fyrir vanrækt starfsmannsins og eigi því rétt á skaðabótum sem tjóni hans nemi.

Fram er komið, að við sölu greindra veðskuldabréfa til stefnda var frágangur þeirra með þeim hætti, að verðtrygging samkvæmt þeim stóðst ekki fyrir uppboðsrétti Reykjavíkur. Uppboðskrafa stefnda var því lækkuð sem nam fjárhæð kröfu hans í málinu, en fyrir liggur, að annars hefði hún greiðst að fullu. Stefndi varð því fyrir tjóni. Aðila greinir ekki á um niðurstöðu útreiknings stefnda á því tjóni. Fallist er á það með héraðsdómi, að verðbréfafyrirtæki beri ábyrgð á sérfræðilegri ráðgjöf starfsmanna sinna og að henni hafi verið ábótavant í máli þessu. Dómur Hæstaréttar í málinu H. 1992, 1531 þykir ekki hafa áhrif á úrlausn þessa máls. Þar reyndi á úthlutun uppboðsandvirðis í þrotabúi milli veðhafa, en ekki á

ábyrgð vegna sérfræðilegrar ráðgjafar verðbréfafyrirtækis. Grunnur þess máls var því annar. Telja verður, að stefndi hafi mátt haga sér í samræmi við lagaframkvæmd uppboðsréttarins.

Krafa stefnda fyrnist samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda á fjórum árum, frá því er stefndi mátti gera sér grein fyrir, að ráðgjöf starfsmanns áfrýjanda var ábótavant. Á það reyndi ekki fyrr en við uppboðsmeðferð, eftir að afborganir greiddust ekki á árinu 1987. Krafa stefnda var því ekki fyrnd, þegar mál þetta var höfðað í héraði í desember 1989. Hinn áfrýjaði dómur er því staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kaupþing hf., greiði stefnda, Þórhalli Þorlákssyni, 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Gunnars M. Guðmundssonar

I.

Veðskuldabréfin nítján, sem mál þetta fjallar um, voru gefin út af Ásgeiri Eggertssyni til Sumarliða Óskars Arnórssonar 10. desember 1984, og þeim var þinglýst 12. sama mánaðar. Á bakhlið bréfanna er nafn Sumarliða Óskars ritað sem framseljanda. Önnur áritun er þar ekki, og er framsalið ódagsett. Stefndi afhenti samdægurs viðskiptabanka sínum bréfin til varðveislu og innheimtu. Sala hinnar veðsettu eignar á nauðungaruppboði fór fram 22. júlí 1988. Frumvarp uppboðshaldara að úthlutun uppboðsverðs er dagsett 15. október 1988. Samkvæmt því seldist eignin fyrir 10.000.000 krónur. Krafa stefnda í uppboðsverðið nam samtals 2.892.884 krónum. Hún var önnur í röð krafna við úthlutunina, en á undan var krafa um fasteignagjöld 261.943 krónur. Greiðsla upp í kröfu stefnda fór fram 17. október 1988 og nam 1.983.530 krónum.

II.

Í 39. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl. segir meðal annars:

„Það eru skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þessum:

1. að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráð á nafn . . .“

Í athugasemdum með frumvarpi að lögunum segir um 1. tl. 39. gr.:

„1) Nafnskráning verðtryggðra skuldbindinga er áfram gerð að skilyrði.“

Lög nr. 13/1979 leystu af hólmi lög nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga (sbr. 47. gr.), sem höfðu að geyma nýmæli á þessu sviði. Í 4. gr. laga nr. 71/1966 segir m. a.:

„Almenn skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þessum skulu vera þessi: . . .

e) Verðtryggðar kröfur og skuldbindingar skulu ætíð skráðar á nafn.“

Í athugasemdum með frumvarpi að lögum nr. 71/1966 segir um e-lið 4. gr.:

„Ákvæði þetta er sett, til þess að unnt sé að koma við nauðsynlegu eftirliti með verðtryggðum kröfum og tryggja framkvæmd laganna.“

III.

Stefndi keypti umrædd veðskuldabréf nokkrum dögum eftir að þau voru gefin út og var eigandi þeirra frá þeim tíma. Gerð var grein fyrir bréfunum á skattframtölum hans, og þar kom fram verðtrygging þeirra. Má ætla af því, að stefndi hafi verið í góðri trú um, að lagaskilyrðum hefði verið fullnægt um viðhald verðtryggingarákvæðis bréfanna við stofnun eignarhalds hans á þeim og jafnframt, að hann hafi engan hag af því haft, að bréfin væru ekki skráð á nafn hans.

Álíta verður, að áðurgreindar athugasemdir við áskilnað e-liðar 4. gr. laga nr. 71/1966 um, að verðtryggðar kröfur og skuldbindingar skuli ætíð skráðar á nafn, eigi jafnt við um samsvarandi áskilnað í 39. gr. laga nr. 13/1979. Ekki er fullljóst, hvað felst nákvæmlega í orðum athugasemdanna: „til þess að unnt sé að koma við nauðsyn-

legu eftirliti“. Líklegt er, að haft hafi verið í huga skatteftirlit og almennt eftirlit með viðskiptum með handhafabréf. Hvorki þeir hagsmunir né nokkrir aðrir lögvarðir hagsmunir röskuðust við það, að nafnskráning stefnda á umrædd veðskuldabréf fórst fyrir.

Samkvæmt þessu verður að líta svo á þrátt fyrir áskilnað 1. tl. 39. gr. laga nr. 13/1979, að vanræksla þess að skrá nafn stefnda á veðskuldabréfin við kaup hans á þeim hafi, eins og hér stóð á, ekki haggað verðtryggingu þeirra, sbr. Hrd. 1992, bls. 1531.

IV.

Áfrýjandi annaðist verðbréfiðskipti og bauð viðskiptavinum sérfræðiþjónustu á því sviði. Hann virðist hafa haft umrædd veðskuldabréf í umboðssölu. Stefndi mátti treysta því, að við þjónustu starfsmanna áfrýjanda við hann vegna kaupa hans á bréfunum yrði gætt í hvívetna fyrirmæla laga, þannig að öryggi viðskiptanna að því leyti væri tryggt, svo að eigi þyrfti á gildi verðtryggingar bréfanna að reyna fyrir dómstólum, kæmi til nauðungaruppboðs á hinni veðsettu eign.

Eigi kemur fram í gögnum málsins, hvenær Gunnar Guðmundsson héraðsdómslögmaður fékk veðskuldabréfin í hendur til innheimtu, en samkvæmt greinargerð hans í héraði gerði hann sér strax ljóst, að bréfin voru framseld stefnda eyðuframsali. Hann lét áfrýjanda ekki vita um þenna galla á bréfunum. Eftir að ljós varð sú réttarstaða, sem stefnda var ætluð fyrir uppboðsrétti, gafst áfrýjanda ekki kostur á að láta málið til sín taka, en líkur verða að teljast til þess, að áfrýjandi hefði beitt sér fyrir því, að úrskurður gengi um höfnun uppboðshaldara á verðbótapætti uppboðskröfunnar og jafnframt fyrir áfrýjun þess úrskurðar til Hæstaréttar. Því til viðbótar, að vanrækt voru samráð við áfrýjanda um þetta, tók lögmaður stefnda við greiðslu uppboðskröfunnar án athugasemda og kvittaði fyrir henni án fyrirvara. Þýðingu þess að lögum, sem þarna fór úrskeiðis, verður að meta í ljósi þeirrar ákvörðunar stefnda að ætla áfrýjanda að bera tjónið, sem stefndi varð fyrir við það, að verðtrygging uppboðskröfu hans fór forgörðum í uppboðsrétti. Verður að líta svo á, að stefndi hafi við það, að hagsmunir áfrýjanda voru þannig látnir fyrir róða, fyrirgert rétti, sem hann að öðrum kosti kynni að hafa átt á hendur honum til bóta.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, er ekki laga-grundvöllur fyrir kröfugerð stefnda í málinu, og ber að sýkna áfrýj-anda af kröfum hans.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæsta-rétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. janúar 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 18. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Þórhalli Þorlákssyni, kt. 100120-3219, Efstaleiti 10, Reykjavík, gegn Kaupþingi hf., kt. 560882-0419, Kringlunni 5, Reykjavík, og Gunnari Guðmundssyni hdl., kt. 300153-4029, Granaskjólí 72, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 7. desember 1989.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.038.266,14 ásamt 4,97% vöxtum á ári frá 15. nóvember 1988 til 19. janúar 1989, sem er vegið meðaltal vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og spari-sjóðum, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum á ári, sbr. II. og III. kafla l. nr. 25/1987, sbr. breytingalög nr. 67/1989 frá þeim degi til greiðsludags.

Krafist er málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ [. . .].

Til vara er krafist lægri fjárhæðar samkvæmt mati réttarins ásamt sömu dráttarvöxtum og málskostnaði.

Dómkröfur stefnda Kaupþings hf. eru þær, að hann verði sýknaður af öll-um kröfum stefnanda, og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða Kaupþingi hf. málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ [. . .].

Dómkröfur stefnda Gunnars Guðmundssonar eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða hon-um málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ [. . .].

Dómkröfur réttargæslustefnda, Íslandsbanka hf., eru þær, að honum verði dæmd ómakslaun að mati réttarins in solidum úr hendi stefndu.

Málsatvik eru þau að í desember 1984 keypti stefnandi í tvennu lagi hjá stefnda Kaupþingi hf. samtals 19 veðskuldabréf. Um var að ræða 10 veð-skuldabréf, keypt 13. desember 1984, hvert að höfuðstól kr. 60.000,00, sem endurgreiða bar með fjórum árlegum afborgunum, í fyrsta skipti 15. ágúst 1985, og 9 veðskuldabréf, keypt 28. desember, hvert að höfuðstól kr. 64.000,00, sem greiðast skyldu á 4 árum með jöfnum afborgunum á árs-fresti, í fyrsta skipti 15. desember 1985. Bréf þessi keypti stefnandi hjá starfsmanni verðbréfadeildar stefnanda, Jónasi Ólafssyni. Stefnandi fékk skuldabréfin afhent við söluna. Bréfin voru tryggð með veði í fasteigninni Barónsstíg 13, Reykjavík. Bréf þessi, sem upphaflega voru skráð á nafn,

voru framseld stefnanda með eyðuframsali við kaupin. Stefnandi kom bréfunum í innheimtu í Útvegsbanka Íslands. Greitt var af bréfunum í fyrstu til Útvegsbanka Íslands með vöxtum og verðbótum. Þegar veðskuldabréfin fóru í vanskil, voru þau send í lögfræðilega innheimtu til stefnda Gunnars Guðmundssonar hdl., sem óskaði eftir uppboði á hinni veðsettu eign, Barónsstíg 13, Reykjavík. Sú eign var svo seld á nauðungaruppboði hinn 22. júlí 1988. Við úthlutun uppboðsandvirðis var uppboðskrafa stefnanda lækkuð, þar sem bréfin voru ekki talin uppfylla skilyrði verðtryggingar samkvæmt 39. gr. laga nr. 13/1979. Voru bréfin reiknuð út af uppboðsrétti eins og þau væru handhafabréf með 8% föstum vöxtum. Komu því í hlut stefnanda kr. 1.854.618,00 í stað kr. 2.892.884,14, sem honum bar samkvæmt útreikningi stefnda Gunnars Guðmundssonar. Mismunurinn, kr. 1.038.266,00, er stefnufjárhæð málsins.

II.

Stefnandi kvæðst hafa séð auglýsingar frá stefnda Kaupþingi hf. haustið 1984, þar sem heitið var mjög hárrí ársávöxtun, allt upp í 50%, miðað við 27% verðbólgu á ári. Tekið hafi verið sérstaklega fram í auglýsingum stefnda Kaupþings hf., að sérfræðingar Kaupþings hf. myndu hjálpa þeim sem ekki hefðu þekkingu á viðskiptum á þeim ávöxtunarmöguleikum sem byðust. Stefnandi hafi lagt leið sína til stefnda Kaupþings hf. og rætt þar við einn sérfræðinga félagsins, Jónas Ólafsson. Hafi stefnanda þar verið sýnd bréf þau, sem mál þetta er sprottið af, sem hann hafi svo keypt í tvennu lagi í desember 1984.

Varðandi úthlutun uppboðsandvirðis bréfanna getur stefnandi þess að ákvæði 39. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl. hafi leitt til þess að krafa stefnanda fyrir uppboðsrétti hafi verið lækkuð sem nemur stefnufjárhæð. Í 39. gr. laganna segi orðrétt, „að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráðar á nafn“. Þau bréf, er stefnandi hafði keypt af sérfræðingum stefnda Kaupþings hf., hafi ekki uppfyllt þetta skilyrði. Við útgáfu þeirra hafi þau hljóðað á nafn, en stefndi Kaupþing hf. hafi látið þau frá sér með eyðuframsali, sem ekki sé nægjanlegt samkvæmt lögnum til þess að halda verðtryggingunni á bréfunum. Skuldabréfin hafi því einungis verið framseld af kröfuhafa en aldrei skráð á stefnanda þegar hann hafi keypt þau. Hafi þau því verið orðin svokölluð handhafabréf. Ljóst sé því að bréfin voru við afhendingu ekki þannig úr garði gerð að þau gætu borið þá ávöxtun sem lofað hafði verið, ef hin veðsetta eign færi á uppboð. Megi því segja að þegar bréfin voru komin í vörslur stefnanda hafi þau verið óhæf um að bera verðtryggingu og þar með skila stefnanda fullri ávöxtun í samræmi við auglýsingar og loforð stefnda Kaupþings hf.

Stefnandi telur, að fyrirtæki, sem auglýsir sig þannig, að það láti sérfræðinga sína aðstoða almenning við val á ávöxtunarmöguleikum, verði einnig að geta gert viðkomandi pappíra þannig úr garði að ávöxtunin verði í samræmi við gefin loforð. Það geti ekki verið hlutverk stefnanda, sem aldrei hafi keypt veðskuldabréf áður, að fylla út eitthvert framsal á bakhlið bréfanna. Bréfin áttu vitaskuld að vera þannig úr garði gerð að stefnandi gæti sett þau beint í innheimtu í banka og síðan til lögfræðings, ef þurfa þætti. Stefnandi hafi ekki fengið neinar leiðbeiningar í meðferð bréfanna eða útfyllingu þeirra þegar hann keypti þau. Hann hafi ekki óskað þess að þau væru framseld eyðuframsali eða öðruvísi úr garði gerð en lög bjóða. Þetta megi sjá af fram lögðum skattframtölum hans, þar sem þessi bréfaeign hans sé vandlega tíunduð.

Þá byggir stefnandi á því að ríkar kröfur megi gera til lögfræðinga sem taka að sér innheimtu veðskuldabréfa. Lágmarkskröfur séu þær að athuga viðkomandi vanskilabréf, þ. á m. hvort það sé þannig úr garði gert, að óhætt sé að senda það í uppboðsréttinn, athuga, hvort eftir sé að fylla einhvern hluta þess út, t.d. framsal á bakhlið líkt og raunin hafi orðið í þessu máli. Þetta hafi stefndi Gunnar ekki gert og því valdið stefnanda því tjóni, sem stefnt er út af.

Þá telur stefnandi einnig að stefndi Gunnar hefði átt að mótmæla úthlutun uppboðshaldara þegar í stað og taka við greiðslu með fyrirvara. Með því að gera hvorugt hafi hann valdið stefnanda fjárhagstjóni.

Fyrningarfrestur hafi ekki byrjað að líða fyrir en málið hafi verið gert upp hjá uppboðsrétti Reykjavíkur og stefnandi fái vitneskju um það.

Lagarök, sem stefnandi byggir kröfur sínar m. a. á, eru l. nr. 13/1979, aðallega 39. gr., þar sem skýrt sé tekið fram, „að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráðar á nafn“. Stefnandi hafi talið sig vera að kaupa verðtryggð veðskuldabréf af stefnda Kaupþingi hf., sem auglýst hafi sig sem sérfræðing á þessu sviði. Við úthlutun uppboðs- andvirðis hafi síðan komið í ljós, að stefndi Kaupþing hf. hafi ekki gert bréfin þannig úr garði, að þau gætu borið verðtryggingu, og stefnandi þannig ekki notið neinnar sérfræðipekkingar.

Hér sé og byggt á almennum skaðabótareglum, m.a. sakarreglunni, þar sem aðilar beri skaðabótaábyrgð á sennilegum afleiðingum skaða sem valdið sé með ólögmati eða saknæmri athöfn, annaðhvort af ásetningi eða gáleysi, einnig hinni almennu reglu um vinnuveitandaábyrgð utan samninga.

Sömu lagarök eigi við um stefnda Gunnar, þar sem hann hafi ekki athugað hvort framsalið væri þannig úr garði gert að bréfið gæti borið verðtryggingu. Einnig sé vísað í 15. gr. l. nr. 61/1942 um málflytjendur.

Vaxtakrafa sé byggð á l. nr. 25/1987, II. og III. kafla, sbr. breytingalög nr. 67/1989.

Krafan um málskostnað byggist á l. nr. 85/1936 með síðari breytingum, einkum 177. og 175. gr. in fine.

III.

Stefndi Kaupþing hf. styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi við 54. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Sú skoðun hafi komið fram í dómum og hjá fræðimönnum, að þau verðmæti, sem talin séu til lausafjár, verði ekki undanþegin gildissviði kaupalaga, sbr. t.d. Hrd. 1983, 1469. Kaup og sala á veðskuldabréfum hljóti þannig að falla undir ákvæði kaupalaga nr. 39/1922. Sá ársfrestur, sem 54. gr. kaupalaga setji stefnanda til að bera fyrir sig, að frágangi skuldabréfanna hafi að einhverju leyti verið ábótavant, sé löngu liðinn, enda miðast ársfresturinn við afhendingu veðskuldabréfanna sem fram fór í desember 1984.

Þá byggir stefndi Kaupþing hf. á þeirri málsástæðu, að krafa stefnanda sé fyrnd, sbr. 3. gr. laga nr. 14/1905, sbr. 1. mgr. 1. gr. sömu laga. Sé enda óþolandi og ósanngjarnt fyrir verðbréfastarfsemi sem og aðra atvinnustarfsemi að geta átt von á málsókn eins og í þessu tilviki 5 árum eftir að umrædd sala skuldabréfanna fór fram.

Þá krefst stefndi Kaupþing hf. sýknu á þeim grundvelli, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni vegna ofangreindra viðskipta. Fyrir liggir að stefnandi hafi fengið greidda fyrstu afborgun bréfanna með fullri vísitölu-tryggingu og vöxtum. Við úthlutun uppboðsandvirðis hafi stefnandi fengið greiddar samtals kr. 1.854.618,00. Vegna kaupanna á veðskuldabréfunum hafi stefnandi lagt út kr. 843.000,00 í desember 1984. Verðgildi þeirrar fjárhæðar í nóvember 1988 sé kr. 1.997.180,00. Miðað við, að fyrsta afborgun bréfanna hafi verið greidd á gjalddaga og sú fjárhæð sé framreiknuð til 15. nóvember 1988, dragist kr. 900.271,00 frá upphæðinni. Upp í mismuninn, kr. 1.096.909, fái stefnandi greitt af uppboðsandvirðinu, kr. 1.854.618,00. Samkvæmt almennu skaðabótareglunni, sem stefnandi byggir málsókn sína á, ber að bæta stefnanda það tjón sem hann hefur orðið fyrir vegna skuldabréfakaupanna. Tjón stefnanda vegna þessara viðskipta sé hins vegar ekkert. Þvert á móti sé ávöxtun hans tæplega 10% umfram verðbólgu, sem er með því hæsta sem þekkist á sparifjármarkaðnum.

Þá krefst stefndi Kaupþing hf. sýknu með þeim rökum, að frágangur skjalanna hafi ekki verið með þeim hætti að hann geti leitt til bótaskyldu. Það, að verðtryggð skuldabréf séu framseld eyðuframsali, hafi ekki verið óalgengt á þessum tíma, hvorki hjá bönkum, sparisjóðum né verðbréfa-

miðlurum, enda óski kaupendur verðbréfa oft eftir slíku framsali. Fjöl-
margir eigendur veðskuldabréfa fyrirhuga að nota veðskuldabréfin áfram í
viðskiptum og sjái enga ástæðu til að nafn þeirra komi fram á bréfunum.
Engin lög hafi verið í gildi um verðbréfamiðlun á þessum tíma og verði
ekki séð að nein lagaskylda hafi hvílt á verðbréfamiðlara að skrá bréf á
nafn eiganda.

Þá byggir stefndi Kaupþing hf. sýknukröfu sína á þeirri málsástæðu að
stefnandi hafi haft fjölmörg tækifæri til að ganga frá bréfunum á nafn, enda
hafi þau verið í hans vörslu strax við kaupin. Það, að verðtrygging bréfanna
skyldi vera felld niður við úthlutun uppboðsandvirðis, sé vanrækslu stefn-
anda og lögmanns hans um að kenna. Stefndi Kaupþing hf. hafði ekkert
með innheimtu veðskuldabréfanna að gera og hafði engin afskipti af þeim,
eftir að þau höfðu verið afhent stefnanda í desember 1984. Eyðuframsalið
hafi engin áhrif haft á verðtryggingu bréfanna þegar þau voru innheimt í
Útvegsbankanum, enda þótt bankinn hafi ekki hirt um að fylla út nafn
stefnanda. Fyrsta afborgun bréfanna hafi þannig verið að fullu greidd og
miðaðist greiðslan við vísitölutryggingu og 8% fasta vexti. Það hafi ekki
verið fyrr en við úthlutun uppboðsandvirðis sem verðtryggingin sé felld
niður. Innheimta veðskuldabréfanna hafi þá verið í höndum stefnda Gunn-
ars Guðmundssonar hdl. Við framkvæmd þeirrar innheimtu hafi krafa
stefnanda stofnast. Engin mótmæli hafi komið fram við úthlutun uppboðs-
andvirðisins þrátt fyrir þá staðreynd, að hún fæli í sér mun lægri fjárhæð en
uppboðskrafa stefnanda gerir ráð fyrir. Stefnandi og lögmaður hans hafi
því á engan hátt reynt að halda fram réttindum sínum og mótmæla um-
deildri ákvörðun uppboðshaldara, heldur hafi þeir tekið við greiðslu án
nökkurs fyrirvara.

Krafa stefnda Kaupþings hf. um, að krafa stefnanda sé fallin niður vegna
tómlætis, er studd við 54. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Krafa stefnda um, að
krafa stefnanda sé fyrnd, er studd við 3. gr. laga nr. 14/1905, sbr. 1. mgr. 1. gr.
sömu laga. Þá er krafist sýknu á þeim grundvelli að skilyrði almennu skaða-
bótareglunnar um fjártjón sé ekki uppfyllt. Enn fremur byggist sýknukrafan
á því að ólögmatisskilyrði almennu skaðabótareglunnar um fjártjón sé ekki
fullnægt né skilyrði reglunnar um sennilega afleiðingu. Þá er byggt á þeirri
meginreglu skaðabótaréttar að tjónþoli eigi að bera tjón sitt sjálfur, enda
hafi stefnandi haft fjölmarga möguleika til að ganga þannig frá bréfunum
að innheimta þeirra skilaði sem bestum árangri.

Krafa stefnda um málskostnað er byggð á 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936.
Krafa um dráttarvexti af málskostnaði byggist á vaxtalögum nr. 25/1987 og
21. gr. laga nr. 54/1988. Krafan um virðisaukaskatt á málflytningsspóknun er

reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur. Því beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnanda.

Stefndi Gunnar Guðmundsson hdl. kveður stefnanda hafa falið sér innheimtu á greindum veðskuldabréfum, sem tryggð voru með veði í fasteigninni Barónsstíg 13, Reykjavík. Vegna vanskila bréfanna hafi stefnandi óskað eftir því að hin veðsetta eign yrði seld á nauðungaruppbóði. Þegar stefndi Gunnar fékk bréfin í hendur, báru þau með sér, að þau voru fram-seld eyðuframsali. Úr þeim galla hafi ekki verið hægt að bæta, þegar þau komu í hans hendur, nema með því beinlínis að falska efni veðskuldabréfanna og rita eftir á nafn stefnanda í eyðuna. Slíkt sé með öllu ólöglegt og enn fremur óframkvæmanlegt, þar sem nöfn ótiltekins fjölda framsalshafa gæti vantað í þá eyðu. Stefnda Kaupþingi hf., sem selt hafi stefnanda bréfin, hafi borið að sjá um að viðskipti aðila ættu sér stað með eðlilegum hætti og á lögformlegan hátt. Hafi slíkt ekki átt sér stað sé fráleitt að reyna að tengja ábyrgð á hugsanlegum mistökum í meðferð skuldabréfanna hjá stefnda Kaupþingi hf. yfir í samábyrgð eða sjálfstæða ábyrgð lögmanns sem sér um innheimtu á bréfum sem háð eru slíkum ágöllum. Stefndi Gunnar kvaðst hafa talið, að þrátt fyrir, að bréf þessi væru með framangreindum ágöllum, væri rétt að senda þau þannig til uppboðsréttar, þar sem viðbúið væri að kröfuhafi myndi áfram greiða af þeim sem um verðtryggð veðskuldabréf væri að ræða í stað handhafabréfa. Lítil hluti þeirra fasteigna, sem óskað sé uppboðs á í Reykjavík, sé seldur uppboðssölu, þannig að mjög miklar líkur hafi verið fyrir því að stefnandi myndi ekki bíða tjón af völdum eyðuframsals bréfanna. Loforð uppboðsþola um greiðslu bréfanna hafi ekki verið efnt, og hafi hin veðsetta eign því verið seld á uppboði þann 22. júlí 1988. Mismunur á því fé, sem úthlutað hafi verið stefnanda úr nefndu uppboði, og því, sem hann hefði fengið, ef efni bréfanna með óskertri vísitölu og vöxtum hefði haldist, var kr. 1.038.266,14.

Stefndi Gunnar taldi tilgangslaut að mótmæla úthlutun uppboðshaldara þar sem ótvírætt var að bréfin með eyðuframsölum væru handhafabréf en uppfylltu ekki skilyrði l. 13/1979 um formskilyrði verðtryggðra skuldabréfa. Úrskurður um hliðstætt tilvik hafði þá skömmu áður verið kveðinn upp í uppboðsrétti Reykjavíkur. Hins vegar hafi ekki legið fyrir sú túlkun uppboðsréttar Reykjavíkur að telja handhafabréf vísitölutryggð veðskuldabréf með eyðuframsali, þegar uppboðsbeiðni var send uppboðshaldara.

Þá telur stefndi Gunnar, að óeðlilegt sé, að lögmaður, sem fær umrædd veðskuldabréf til innheimtu, sé sóttur til ábyrgðar fyrir hugsanlega vanrækslu, en sá banki, sem einnig hafi haft bréfin til innheimtu, sé undan-

skilinn og ætti hann samt að teljast hafa sömu sérfræðipækkingu innan sinna vébanda og verðbréfafyrirtæki. Strangari kröfur hafi gilt á þessum tíma um banka en verðbréfafyrirtæki og því fráleitt að stefna ekki einnig Útvegsbanka Íslands fyrst á annað borð er stefnt öðrum en verðbréfafyrirtækinu sjálfu. Hefði að því leyti til átt að vera um samaðild að ræða.

Stefndi Gunnar mótmælir því, að meðferð hans á umræddum bréfum hafi í raun getað verið með öðrum hætti og vísar á bug kröfum stefnanda um hugsanlega bótaskyldu. Einnig er því mótmælt að brotið hafi verið gegn 15. gr. 1. nr. 61/1942.

Um lagarök vísar stefndi Gunnar til 39. gr. 1. 13/1979, 15. gr. 1. 61/1942, II. og III. kafla 1. 25/1987, sbr. 1. 67/1989 og 1. 25/1987.

Af hálfu réttargæslustefnda er tekið fram um málavexti að stefnandi hafi falið útibúi réttargæslustefnda að Álíheimum 74, þá Útvegsbanki Íslands hf., innheimtu skuldabréfa þeirra, sem hér um ræðir. Í innheimtu felist, að bankinn skráir skuldaskjöl í skuldabréfakerfi sitt samkvæmt efni skjalanna. Kerfið sjái um útreikning og útsendingu greiðsluseðla. Fyrir þetta taki bankinn smávægilega þóknun. Bankinn hafi ekkert með skoðun skjalanna að gera frá lögformlegu sjónarmiði og taki við þeim á ábyrgð innheimtubeiðanda. Skjalið þurfi í raun einungis að uppfylla það skilyrði að útreikningslegar forsendur séu fyrir hendi, svo sem að getið sé fyrsta gjalddaga, vaxta, verðbóta o.s.frv. Skjöl þau, er mál þetta varði, hafi ekki verið með neinum þeim ágöllum sem að þessu líti. Því sé mótmælt að til bótaábyrgðar bankans geti komið, ef dómur falli stefndu í óhag, fyrir að hafa ekki vakið athygli stefnanda á því að bréfin þurfi að hljóða á nafn.

Varðandi dómkröfur sínar vísar réttargæslustefndi til þess að stefndu í máli þessu hafi knúið hann til þess að hafa uppi nokkurn málalíbúnað þótt engar kröfur séu hafðar uppi á hendur honum. Vísar réttargæslustefndi til 180. gr. eml. nr. 85/1936 hér að lútandi.

Stefnandi, Þórhallur Þorláksson, og stefndi Gunnar Guðmundsson hafa gefið skýrslur fyrir dómi í málinu.

IV.

Samkvæmt fram lögðum auglýsingum úr Morgunblaðinu frá því í sept., nóv. og des. 1984 auglýsti stefndi Kaupþing hf., sem annast verðbréfamiðlun, fjárvörslu sína og þær ávöxtunarleiðir, sem í boði voru. Kom þar m.a. fram að unnt væri að ná hámarksávöxtun sparifjár með verðbréfakaupum og veitt væri ráðgjöf í því sambandi. Af þessu tilefni leitaði stefnandi til stefnda Kaupþings hf. og átti þar samskipti við starfsmann stefnda, Jónas Ólafsson, sem varð til þess að hann keypti þau veðskuldabréf, sem um ræð-

ir í máli þessu. Veðskuldabréf þessi voru samkvæmt ákvæðum þeirra sjálfra með fullri verðtryggingu samkvæmt lánskjaravísitölu og gefin út á nafn. Þau báru 8% fasta ársvexti og voru tryggð með veði í fasteigninni Barónsstíg 13, Reykjavík, svo sem fram er komið. Við afhendingu til stefnanda voru bréfin framseld eyðuframsali af nafnskráðum kröfuhafa, en ekki skráð á nafn, eins og tilskilið er, þegar um verðtryggðar skuldbindingar er að ræða samkvæmt 39. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl. Sá annmarki bréfanna leiddi og til þess að þau fengust ekki greidd í samræmi við verðtryggingu við uppboðsmeðferð, svo sem rakið hefur verið.

Stefnandi kvaðst ekki hafa keypt slík veðskuldabréf áður og engar leiðbeiningar fengið hjá stefnda Kaupþingi hf. um nauðsyn nafnskráningar þeirra. Svo sem gögn liggja fyrir í máli þessu þykir verða að byggja á því að stefnandi hafi verið í góðri trú að þessu leyti er kaupin áttu sér stað og hafi mátt treysta því að veðskuldabréfin væru innheimtanleg í samræmi við verðtryggingarákvæði þeirra.

Ekki verður talið að veðskuldabréf þessi hafi verið gölluð í skilningi kaupalaga nr. 39/1922, og getur stefndi Kaupþing hf. því ekki borið fyrir sig til sýknu fyrningarákvæði 54. gr. þeirra laga.

Þá verður og ekki talið að krafa stefnanda sé fyrnd samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1905, enda telst fyrningarfrestur frá þeim degi er krafa varð gjaldkræf samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna.

Þá verður ekki fallist á þá málsástæðu stefnda Kaupþings hf., að stefnandi hafi ekki orðið fyrir tjóni. Ágreiningslaust er, að uppboðskrafa stefnanda var lækkuð sem nemur stefnufjárhæð vegna þess að hin tilteknu veðskuldabréf voru talin óverðtryggð. Liggur og ekki annað fyrir en þau hefðu fengist greidd af veðinu með fullri verðtryggingu, ef þau hefðu verið metin gild sem slík. Verður því talið að stefnandi hafi sannanlega orðið fyrir því tjóni sem hann gerir kröfu til og ekki er tölulegur ágreiningur um.

Við sölu greindra veðskuldabréfa til stefnanda var frágangur þeirra með þeim hætti, að verðtrygging samkvæmt þeim stóðst ekki, er á reyndi. Ekkert liggur fyrir um það að stefnandi hafi fengið hjá stefnda Kaupþingi hf. upplýsingar eða leiðbeiningar um þýðingu nafnskráningar í því sambandi, sbr. ákvæði 39. gr. laga nr. 13/1979. Þá verður ekki séð að um eigin sök stefnanda sé að ræða, svo sem atvikum máls er háttað. Verður því talið, að stefndi Kaupþing hf., sem annast verðbréfamíðlun og auglýsir sérfræðipjónustu í því sambandi, sé bótaskyldur gagnvart stefnanda vegna framangreindrar vanrækslu sinnar.

Ekki verður fallist á að sömu skaðabótasjónarmið eigi við um stefnda Gunnar Guðmundsson hdl. Þegar hann fékk veðskuldabréfin til innheimtu-meðferðar voru þau framseld eyðuframsali og þannig sendi hann þau upp-

boðsrétti Reykjavíkur. Sú meðhöndlun bréfanna og innheimtumeðferð lögmannsins að öðru leyti varðandi veðskuldabréfin þykir ekki, eins og hér stóð á, leiða til bótaábyrgðar gagnvart stefnanda. Ber því að sýkna stefnda Gunnar Guðmundsson af öllum kröfum stefnanda á hendur honum. Samkvæmt því verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda Gunnari málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 120.000,00 að meðtöldum virðisaukaskatti. Málskostnaður skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Engin efni þykja vera til að taka til greina kröfu réttargæslustefnda, Íslandsbanka hf., um ómakslaun úr hendi stefndu og ber að hafna þeirri kröfu.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi Kaupþing hf. dæmdur til að greiða að fullu framangreint tjón stefnanda, að fjárhæð kr. 1.038.266,14, og með þeim vöxtum sem krafist er og í dómsorði greinir.

Þá ber að dæma stefnda Kaupþingi hf. til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 240.000,00 að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og krafist var. Málskostnaður skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans og þingleyfis.

D ó m s o r ð :

Stefndi Kaupþing hf. greiði stefnanda, Þórhalli Þorlákssyni, kr. 1.038.266,14 með 4,97% ársvöxtum frá 15. nóvember 1988 til 19. janúar 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 240.000,00 í málskostnað. Málskostnaður ber dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi Gunnar Guðmundsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Þórhalls Þorlákssonar, í máli þessu. Stefnandi, Þórhallur Þorláksson, greiði stefnda Gunnari Guðmundssyni kr. 120.000,00 í málskostnað. Málskostnaður ber dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Kröfu réttargæslustefnda, Íslandsbanka hf., um ómakslaun úr hendi stefndu er hafnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.